



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Eiríkur Áki Eggertsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1635
komudagur 18.2.2013

Reykjavík 12. febrúar 2012

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit).

Athugasemd Viðlagatryggingar Íslands við þingskjal nr. 630 – 489 mál.

Fyrst ber að nefna að undirrituð telur breytingatillögu skv. 3. gr. frumvarpsins til bóta. Viðlagatryggingu Íslands berast viðlagatryggingariðgjöld frá váttryggingafélögum með starfsleyfi hér á landi frá innlendum og erlendum aðilum. Brotalöm hefur verið á að erlendu váttryggingafélögin með starfsleyfi hér á landi séu að skila lögbundunum viðlagatryggingariðgjöldum og eru váttryggðir í þeim tilvikum ótryggðir hjá Viðlagatryggingu Íslands þegar tjón verður af völdum náttúruhamfara. Eftirlit með skilum á iðgjöldum vegna aðila sem tryggja hjá erlendum váttryggingarfélögum er þungt í vöfum, m.a. vegna þess að engar takmarkanir hafa verið á því hverjir geta haft sölu á þessum tryggingum með höndum.

Undirrituð vilja koma á framfæri ábendingu um að það tíðkast hér á landi að fyrirtæki/einstaklingar sem ekki eru í váttryggingarstarfsemi annist skil á iðgjöldum til Viðlagatryggingar Íslands fyrir erlend félög með starfsleyfi hér á landi. Það væri ástæða til að skoða hvort ekki væri eðlilegt að í lögnum væru fyrirmæli um með hvaða hætti þetta skuli framkvæmt og hvaða þekkingu og váttryggingarkunnáttu þessir aðilar eiga að hafa, til þess að geta tekið að sér þetta hlutverk.

Virðingarfyllst,

F. h. Viðlagatryggingar Íslands

Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Framkvæmdastjóri